



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2026
USK26010436

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um um snjallgangbrautir við grunnskóla

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, 4. febrúar 2026 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 4. febrúar 2026.

Lagt er til að snjallgangbrautir verði settar upp við alla grunnskóla í borginni til að auka umferðaröryggi skólabarna.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. janúar 2026.

Umsögn:

Farið var í tilraunaverkefni á snjallgangbrautum á fjórum stöðum í Reykjavík. Búnaður var mismunandi, frá jafnmörgum aðilum en búnaður fékkst ekki frá fleiri aðilum vegna verkefnisins. Verkefnið var kynnt á fundi skipulags- og samgönguráðs í janúar 2020. Kostnaður var breytilegur á milli lausna en í flestum, ef ekki öllum, tilfellum var hann meiri en vegna hefðbundnar gangbrautarlýsingar. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að koma upp hefðbundinni gangbrautarlýsingu við gangbrautir í Reykjavík. Lýsing er ávallt sett upp þegar nýjar gangbrautir eru lagðar, og unnið er markvisst að því að bæta lýsingu eldri gangbrauta sem hluta af umferðaröryggisaðgerðum borgarinnar, í samræmi við þær fjárheimildir sem til staðar eru. Gönguþveranir í nágrenni grunnskóla njóta ávallt forgangs í umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar.

Gera má ráð fyrir að snjalllýsing, í þeim búnaði og tilgangi sem tillagan lýsir, geti hentað í ákveðnum tilfellum, til dæmis þar sem umferð gangandi vegfarenda er lítil og þörf er á að draga sérstaka athygli ökumanna að því þegar gangandi eru á ferð eins og utan þéttbýlis. Hins vegar er hefðbundin gangbrautarlýsing almennt talin fullnægjandi og jafnvel heppilegri innan þéttbýlis.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið